



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. mars 2012

**Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um menningarminjar, 316. mál.**

Vísað er til tölvubréfs nefndasviðs Alþingis, dags. 2. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um menningarminjar, 316. mál.


Vísað er til umsagnar Biskupsstofu, dags. 17. maí 2011, um frumvarp sama efnis.

Lýst er yfir stuðningi við breytingu á aldursákvæði frumvarpsins í núverandi mynd hvað varðar friðaðar kirkjur.

Meðfylgjandi bréfi þessu er framangreind umsögn Biskupsstofu, dags. 17. maí 2011.

Virðingarfyllst f.h. kirkjuráðs

Guðmundur Þór Guðmundsson, lögfr.  
framkvæmdastjóri kirkjuráðs



Reykjavík, 17. maí 2011

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um menningarminjar, 651. mál

Vísað er til tölvubréfs nefndasviðs Alþingis, dags. 4. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um menningarminjar, 651. mál.

Biskupsstofa styður fyrir sitt leyti markmið þau sem stefnt er að með flutningi frumvarpsins og sem greind eru í almennum athugasemdum með því og telur frumvarpið, ef það verður að lögum, horfa til framfara hvað varðar málefni minjavörslunnar í landinu almennt.

Hvað varðar Þjóðkirkjuna er ljóst að ákvæði frumvarpsins um friðun kirkna, kirkjugripi, minningarmörk og eftir atvikum fornleifarannsóknir geta varðað kirkjuna miklu.

#### Friðun kirkna

Samkvæmt frumvarpinu fjölgar kirkjum samkvæmt aldursfriðunarákvæði frumvarpsins frá því að vera kirkjur sem reistar eru fyrir 1918 eins og er samkvæmt 6. gr. nógildandi laga um húsafriðun nr.104/2001, í að verða kirkjur 70 ára og eldri. Ef frumvarpið öðlast gildi 1. janúar 2012 eins og lagt er til munu allar kirkjur sem reistar hafa verið 1942 og fyrr verða friðaðar og síðan virðist bætast við eitt ár í senn sjálfkrafa um hver áramót eftir árið 2012.

Þótt hér sé vissulega um þarft og metnaðarfullt menningarmál að ræða þ.e. að gæta að byggingararfi þeim sem kirkjur geyma, er áhorfsmál hvort fullnægjandi gæti verið að halda óbreyttum aldursfriðunarákvæðum frá nógildandi lögum og fella kirkjur, sem reistar eru 1918 og síðar, enda séu þær 70 ára eða eldri, undir ákvæði 30. gr. frumvarpsins. Þar eru ákvæði sem vernda tiltekin mannvirki og byggingar án þess að um friðun sé að ræða.

Litið er til þess að viðhald og umsjón með friðuðu mannvirki getur verið kostnaðarsamara og útheimt meiri sérfræðipækkingu en ef mannvirki væri ekki friðað. Þá má reikna með að nokkur fyrirhöfn kunnri að felast í því að fá friðun afnumda samkvæmt 29. gr. frumvarpsins, ef talið er rétt að athuga slíkt, vegna þeirrar rannsóknar sem eðli máls samkvæmt hlýtur að þurfa að ráðast í af hálfu Minjastofnunar áður en úrlausn er veitt um afnám friðunar.

#### Kirkjugripir

Samkvæmt almennum athugasemdum með frumvarpinu er Minjastofnun Íslands ætlað að taka við þeim verkefnum sem nú er sinnt af Fornleifavernd ríkisins og stofnunarhlutverki húsafriðunarnefndar samkvæmt gildandi húsafriðunarlögum. Minjastofnun Íslands skal samkvæmt frumvarpinu hafa ýmsar almennar skyldur hvað varðar forngrípi, s.s. eftirlit, skráningu og setningu reglna og þá skulu minjaráð m.a. fjalla um forngrípi, sbr. 10. gr. frumvarpsins. Ekki er gert ráð fyrir að hið almenna aldursákvæði 3. gr. frumvarps til laga um menningarminjar taki til kirkjugripa.

Lagt er til að ábyrgð á gripum í kirkjum landsins, sem nú er á hendi Fornleifaverndar ríkisins, færist til Þjóðminjasafns Íslands. Í frumvarpi til laga um Þjóðminjasafn Íslands 648. mál, sem lagt hefur verið fram á Alþingi, samhliða því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar, eru síðan nánari ákvæði um kirkjugripi í III. kafla. Rökstuðningur fyrir því að þessi tiltekni flokkur forngrípa skuli falla undir Þjóðminjasafnið er svohljóðandi í athugasemdum með 648 máli: *Með greinum III. kafla er umsjón og eftirlit með kirkjugripum fært undir ábyrgð Þjóðminjasafns Íslands að nýju. Ástæða þess er að í*

*Þjóðminjasafninu eru varðveittir lausir munir, þ.m.t. kirkjugripir og forngripir. Sérfræðipækkingu á munum og varðveislu þeirra er því einkum að finna hjá safninu og af þeim sökum einnig þekkingu til að meta hvort hlutur sé þess virði að ástæða sé til að friða hann.*

Þessi rök styðja vissulega við það að kirkjugripir séu með þessum hætti undir stjórnsýslu Þjóðminjasafns Íslands en vekur þó spurningar um ástæðu þess að skipta stjórnsýslu með forngrípum milli tveggja stofnana, enda virðist ekki síður þörf á framangreindri þekkingu hjá Minjastofnun Íslands, t.d. þegar tekin er afstaða til þess hvort létta eigi friðun af forngríp samkvæmt lokamálsgr. 3. gr. Benda má á að gamlir kirkjugripir eru tíðast í friðudum kirkjum og mun Minjastofnun fara með öll önnur málefni friðaðra kirkna samkvæmt frumvarpinu. Einn megintilgangur frumvarpsins mun vera sá að einfalda stjórnkerfi í málaflokknum.

Með þessu móti kunna forsvarsmenn friðaðra kirkna að þurfa að eiga samskipti við tvær stofnanir um kirkjugripina og varðveislu þeirra í kirkjunum.

Vakin er athygli á því að þetta fyrirkomulag kann að þarfnast nánari athugunar. Ekki er þó efast um að stjórnsýslu og öðrum verkefnum er varða kirkjugrípi er vel fyrir komið hjá Þjóðminjasafni Íslands.

#### Minningarmörk og fornleifarannsóknir

Ekki eru af hálfu Biskupsstofu gerðar sérstakar athugasemdir við efni frumvarpsins hvað þessa þætti varðar, nema hvað varðar 41. gr. Skal bent á að lokamálsgr. ákvæðisins gæti reynst erfið í framkvæmd þar sem þinglýsingum kirkna og kirkjugarða í þinglýsingabækur er víða ábótavant og skráning stundum engin eða ófullkomin. Þá fer sennilega betur á því að rætt sé um að ákvörðun um friðlýsingu sé birt í B – deild Stjórnartíðinda fremur en að „þinglýsingin“ skuli birt. Kirkjugarðaráð veitir umsögn um frumvarpið vegna minningarmarka.

#### Fjármál Minjastofnunar Íslands

Þar sem Biskupsstofa og forsvarsmenn einstakra kirkna munu að líkindum eiga talsvert samstarf við Minjastofnun Íslands og margvísleg samskipti, verði frumvarpið að lögum í þeirri mynd sem það er, ekki hvað síst vegna fjölgunar friðaðra kirkna auk margvíslegra annarra mála, verður að lýsa áhyggjum af óljósum fjárhagsgrundvelli stofnunarinnar. Þótt vissulega kunni að verða hagræði af því að sameina verkefni Fornleifaverndar ríkisins og húsafriðunarnefndar hjá einni nýrri stofnun gerir kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytisins ráð fyrir að lögfesting frumvarpsins geti leitt til lækkunar útgjalda sem nemur um 8 – 9 millj. kr. á ári á sama tíma og viðfangsefnum er fjölgað umtalsvert auk þess sem gera má ráð fyrir ýmsum stofn- og upphafskostnaði þegar ný stofnun tekur til starfa. Eðlilegt virðist að sett sé upp drög að rekstraráætlun fyrir stofnunina til a.m.k. tveggja eða þriggja ára.

Þá er einnig bent á að forstöðumanni Minjastofnunar Íslands er fengið afar mikið vald með því að hann virðist ráða endanlega úthlutun úr þeim sjóðum sem ráðgert er að settir verði á laggirnar með frumvarpinu þ.e. fornleifasjóði og húsafriðunarsjóði. Eftir því sem best er vitað er það meginregla að fjölskipuð stjórnvöld ákveði úthlutanir úr opinberum sjóðum.

Virðingarfyllst f.h. Kirkjuráðs

Guðmundur Þór Guðmundsson, lögfr.  
Framkvæmdastjóri Kirkjuráðs